

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um endurborgun á útflutningsgjaldi af fiski og lýsi o. fl. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. marz 8. júní
 p.á., hafið þjer, herra amtmadur, sent hingað brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu og þar með fylgjandi erindi frá verzlunarstjóra Örum & Wulffs á Vopnafirði, P. V. Davíðssyni, með 4 fylgiskjölum, þar sem hann sækir um endurborgun á ofgreiddu útflutningsgjaldi af fiski á árunum 1883, 1884, 1885 og 1886, að upphæð kr. 99,50.

Þar sem nú þessi endurborgunarkrafa kemur svo seint fram, og verzlunarstjóri Örum & Wulffs hefur á sínum tíma greitt hinn umrædda toll mótmælalaust, þá sje jeg mjer ekki fært að sinna þessu máli frekara.

Að því er snertir þá fyrirspurn í brjefi sýslumannsins, hvernig fara eigi um tollskil, þegar skip á að flytja fisk til verkunar frá Vopnafirði til Berufjarðar, en kemur eigi á Berufjörð, heldur ferst á leiðinni eða siglir beint til útlanda, þá ber því að svara á þá leið, að farist skipið á leiðinni, þá er eigi um nein tollskil að ræða, þar sem fiskinn átti að eins að flytja á aðra höfn, en fari skipið til útlanda með fiskinn án þess tollur hafi verið greiddur af honum, þá ber að gjöra ábyrgð gildandi gegn hlutadeigandi útflutningsmanni til greiðslu á tollinum, og auk þess til sekta samkvæmt 5. gr. í lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald, ef skipið hefur leynzt brott til að komast hjá tollskilum.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til póstmeistara um skaðabætur handa pósti út af slysum á póstferð. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 6. f. m., hafið þjer, herra póstmeistari, 8. júní
 sent hingað erindi póstafræðslumannsins á Ísafirði, þar sem skýrt er frá aukakostnaði, er aðalpósturinn milli Ísafjarðar og Hjarðarholts í Dölum hafi orðið fyrir sökum óveðurs á Þorskafjarðarheiði í 2. póstferðinni á þessu ári, og hafið þjer mælt með því, að pósti þessum verði endurgoldinn kostnaður þessi kr. 24,25 samkvæmt reikningi frá póstafræðslumanninum á Ísafirði.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst á, að Jens pósti Þórðarsyni verði eptir atvikum í þetta sinn endurgoldnar úr póstsjóði kr. 22,00, en 4. og 5. liður reiknings póstafræðslumannsins á Ísafirði (fyrir aðgjörð á lykli á póstskrinu og á póstlúðri), að upphæð kr. 2,25 eiga væntanlega að greiðast af fjenu til áhalda við póststjórnina, en að endingu skal það tekið fram, að framvegis mun eigi til neins, að senda slíkar skaðabótabeiðnir frá póstum hingað, þar sem jeg mun eigi sjá mjer fært, að taka þær til greina.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um lán handa Reykjavíkurkaupstað til vegagjörðar. — Eptir beiðni yðar, herra bæjarfógeti, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar í Reykjavík í þóknanlegu brjefi, dags. 8. p. m., veiti jeg hjer með samkvæmt tilsk. um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872 19. gr., samþykki mitt til, að taka megi 3000 kr. lán úr hafnarsjóði handa bæjarsjóði, er ávaxtist með 4%, til þess að fullgjöra nú í
 80
 11. júní